This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

J. Þorkelsson.

Um -r og -ur.

PD
2240
T5

UC-NRLF
$B 120 975

Þorkelsson, Jón

PD 2240 T5

YC113144



Dahlerup Collection

Til Skol. M. Eyrikssyni
frá höfundinum

SKÝRSLA

UM

HINN LÆRÐA SKÓLA Í REYKJAVÍK

SKÓLAÁRIÐ 1862—63.

EFTERRETNINGER

OM

LATINSKOLEN I REYKJAVÍK

SKOLE-AARET 1862—63.

REYKJAVÍK.
Í PREÑTSMIÐJU ÍSLANDS. E. ÞÓRÐARSON.
1863.

Um r og ur

í

niðrlagi orða og orðstofna í íslenzku,

eptir

Jón Þorkelsson.

REYKJAVÍK

Prentað í prentsmiðju Íslands. E. Þórðarson.

1863.

PD2240
T5

PRESERVATION
COPY ADDED
MF 5/91

Dahlerup Collection

UNIV. OF
CALIFORNIA

UNIV. OF CALIFORNIA

Svo sem allir aðrir hlutir, svo eru og málin sífeldum breytingum undirorpin. Ekkert mál getr staðið í stað öldungis óbreytt, svo lengi sem það lifir, er talað, eða bæði talað og ritað af heilli þjóð. Hver öld hefir sitt orðfœri, sín orðatiltœki og sína stafsetning; og sú raun mun á verða, hvert mál sem tekið er og skoðað, að það hefir breytzt á næstu hundrað árum á undan, og er því eigi öldungis hið sama, sem það var fyrir hundrað árum; og svo sem hver öld hefir sitt mál, svo hefir og hver einstakr maðr sitt mál, eitthvað einkennilegt og sèrstaklegt, sem aðrir hafa ekki. Sami maðrinn hefir og eigi ávalt sama orðfœri, sömu orðaskipan og sömu stafsetning, hann breytir þessu eptir því sem þekkingu hans fer fram og skoðanir hans breytast.

Orsakirnar til breytinganna á málunum eru margvíslegar. Auk þess, að það er eðli málanna, að þau geta eigi staðið í stað, koma breytingarnar á þeim af samgöngum, viðskiptum, viðkynningu og samblöndun við aðrar þjóðir. Með nýjum siðum, nýjum lifnaðarháttum, nýjum atvinnuvegum, nýrri landstjórn o. s. frv. koma nýjar hugsanir og hugmyndir, sem skapa sèr nýjan búning; með nýjum hlutum koma ný nöfn, og um leið og hin nýju orð myndast, gleymast hin fornu orð og leggjast niðr. En þótt hin fornu orð haldist, breytast þau þó; framburðr orðanna breytist, og með framburðinum breytist stafsetningin, að vísu ekki þegar í stað, en þó smámsaman, þegar stundir líða fram.

Það virðist vera almenn og sameiginleg stefna í ummyndun málanna að gjöra orðin mýkri og þýðari í framburðinum, kasta brott eða fækka hinum mörgu fallendingum og persónumerkjum, breyta hörðum samhljóðöndum í mjúka, t. d. *c* eða *k* í *g*, *t* í *d*, *p* í *b* eða *v*, og hinum breiðu tvíhljóðum í einfalda raddarstafi. Latínan hefir t. d. sex fallendingar, en ítalska, spænska og frakkneska, þessar fögru dœtr latínunnar, hafa, þegar fornöfnin eru undanskilin, ekki nema eina fallendingu, eða með öðrum orðum, enga eiginlega nafnabeyging. Gotneska hefir fjórar (eða fimm) fallendingar, danskan ekki nema tvær; gotneskan hefir átta persónumerki í núlegri tíð, en eptir því sem danskan er framborin, og rituð af sumum, hefir

M111831

hún sömu ending fyrir allar persónurnar bæði í eintölu og fleirtölu. Til dœmis um breyting harðra samhljóðanda í mjúka má taka íslenzka orðið *sækja*, sem á dönsku er orðið *söge;* ísl. *haukr*, d. *Hög;* ísl. *blaudr*, d. *blöd;* ísl. *rót*, d. *Rod;* ísl. *hlaupa*, d. *löbe;* ísl. *kaupa*, d. *köbe;* og í rómverska málunum: á latínu *focus* (eldstó) á spænsku *fuego* (eldr); á lat. *lacus* (stöðuvatn), á ítölsku og sp. *lago*; lat. *lacrima* (tár), ít. og sp. *lagrima;* lat. *libertat-* (stofninn í *libertas*, frelsi), *virtut-* (stofninn í *virtus*, dygð), sp. *libertad, virtud;* lat. *episcopus* (biskup), ít. *vescovo*, sp. *obispo*, á frönsku *évêque;* lat. *caput* (höfuð), sp. *cabeza;* lat. *rapere*, fr. *ravir*. Til dœmis um grenning tvíhljóða í einfalda raddarstafi má taka lat. *aurum* (gull), ít. og sp. *oro*, fr. *or;* lat. *laudare* (lofa, hrósa), ít. *lodare;* lat. *thesaurus* (fjársjóðr), ít. og sp. *tesoro*, fr. *trésor*.

Íslenzkan hefir að vísu eigi fækkað endingum orðanna til neinna muna, en í henni er þó auðsjáanlega hin sama stefna, sem í hinum nýju málunum, nefnilega að mýkja og liðka málið. Þannig er *ek* breytt í *eg, mik* í *mig, sik* í *sig, þat* í *það, hvat* í *hvað, at* í *að;* og þessi breyting á framburðinum var ákomin um 1300, sem sjá má af brèfum og öðrum ritum Hauks lögmanns Erlendssonar. Sama stefna í málinu er það, að *r* í niðrlagi orða er annaðhvort felt brott eða *ur* sett í stað þess, því þetta miðar til að mýkja framburðinn. Þetta *r* í niðrlagi orða er margs konar. Það getr t. d. verið nefnandamerki í eintölu, t. d. í orðunum *hestr, sterkr, ermr;* eða eigandamerki í eintölu, t. d. í *merkr, bœkr* (= *markar, bókar*); eða merki nefnanda og þolanda í fleirtölu, t. d. í *búendr, vitendr, grátendr, meðr* (= mennr, menn), *kinnr, kiðr, tennr, teðr, bœkr, stengr;* eða merki annarar og þriðju persónu eintölu í núlegri tíð, t. d. *þú tekr, hann tekr;* eða ending atviksorða á lægsta stigi, t. d. í *nær* (prope), af stofninum *ná-, sunnr, suðr*, af stofninum *sunn-, endr*, af stofninum *and-;* eða miðstigsending atviksorða, t. d. í *betr, fyrr, fremr, snemr;* eða síðasti stafr í stofni orðs, t. d. *knörr, akr, hungr, motr, otr, fagr, magr, vitr, snotr*.

Þegar *r* stendr í niðrlagi þeirra orða, er stofninn endar á raddarstaf, getr það eigi valdið neinum erfiðleik í framburðinum og hefir því haldizt alt fram á þenna dag, t. d. í *snjór, sær, mær, nýr, blár, grár*; *ær, tær, klær; býr, snýr, flýr, nær, grær;* og kemr það ekki til greina, hvort stofn slíkra orða hefir upphaflega endazt á samhljóðanda eða ekki, hvort t. d. stofninn í *sær* er *sæv*, í *bær bæg*, eða ekki. En ef stofn orðsins, sem niðrlagserrið ætti

að setjast aptan við, endast á tveim eða fleirum samhljóðöndum, getr framburðrinn stundum orðið svo örðugr, að varla sè mögulegt að bera fram niðrlagserrið. Fornmenn gerðu þá annaðtveggja, að þeir köstuðu því brott, eða tillíktu það fyrirfaranda samhljóðanda. Þeir köstuðu því t. d. brott í þeim orðum, er stofnarnir enduðust á *x*, eða *s*, *l*, *n*, *r* með öðrum samhljóðanda fyrir framan, t. d. í *lax* f. *laxr*, *öx* f. *öxr*, *vex* f. *vexr*, *koss* f. *kossr*, *foss* f. *fossr*, *skafl* f. *skaflr*, *nagl* f. *naglr*, *negl* f. *neglr*, *hrafn* f. *hrafnr*, *akr* f. *akrr*, *kyrr* f. *kyrrr*. Þeir tillíktu opt errið undanfaranda staf, þegar stofninn endaðist á *l*, *n* eða *s* með raddarstaf fyrir framan, t. d. í *páll* f. *pálr*, *háll* f. *hálr*, *vill* f. *vilr*, *stell* f. *stelr*, *ketill* f. *ketilr*, *bagall* f. *bagalr*, *titull* f. *titulr*, *spánn* f. *spánr*, *sveinn* f. *sveinr*, *skínn* f. *skínr*, *brýnn* f. *brýnr*, *aptann* f. *aptanr*, *morginn* f. *morginr*, *jötunn* f. *jötunr*; *láss* f. *lásr*, *gríss* f. *grísr*, *óss* f. *ósr*, *lauss* f. *lausr*, *less* f. *lesr*, *ríss* f. *rísr*, *mýss* f. *mýsr*, *gæss* f. *gæsr*.

Það miðaði og til að mýkja framburðinn, að *nn* breyttist stundum í *ð* fyrir framan *r*, t. d. í *maðr* f. *mannr*, *breðr* f. *brennr*, *fiðr* f. *finnr*, *muðr* f. *munnr*, *suðr* f. *sunnr*, en þessi breyting verðr eigi að eins í niðrlagi orða, heldr og í miðjum orðum, t. d. *aðrir* f. *annrir*, *öðrum* f. *önnrum*, *iðra* f. *innra*. Þótt nú framburðrinn á niðrlagserrinu væri liðkaðr og mýktr með ýmsu móti, hafa menn þó fundið, að hann var enn mjög erfiðr, einkum í þeim orðum, þar sem margir samhljóðendr gengu á undan errinu, t. d. í orðunum *spænskr*, *vestfirzkr*; og enn erfiðari verðr framburðrinn, þar sem eigandamerkið *s* bœtist aptan við *r*, sem endar stofninn, t. d. í orðunum *akrs*, *otrs*, *rekstrs*. Málið hefir því á síðari tímum í sumum orðum kastað þessu erri brott, en í sumum skotið *u* inn fyrir framan það. Þar sem *s* var í staðinn fyrir þetta *r*, þar var þessu essi kastað brott; þannig er *íss* orðið að *ís*, *hauss* að *haus*, *less* að *les*. Sömuleiðis hefir niðrlagserrinu á síðari tímum verið kastað brott, þar sem annað *r* gekk næst á undan því, t. d. í orðunum *stórr*, *hverr*, *nokkurr*, *berr*, *varr*, sem á þann hátt hafa breytzt í *stór*, *hver*, *nokkur*, *ber*, *var*; en ui hefir verið innskotið eptir aðra samhljóðendr fyrir framan *r*, er síðast stóð í orðinu; menn bera nú þannig fram *maður*, *margur*, *vitur*, *viturs*. *akur*, *akurs*, *otur*, *oturs*; svo rita nú og margir.

Þó megum vèr eigi ætla, að fornmenn hafi allsstaðar ritað og framborið *r*, þar sem vèr nú ritum og framberum *ur*. Þeir sögðu t. d. aldrei *nokkr ár*, *fjögr ár*, sem eg sè að sumir nú rita, er

vilja hafa forna stafsetning, en eru eigi nógu kunnugir fornmálinu. Í elztu og beztu skinnbókum er gjör nákvæmr munr á samstöfunni (*or* eða) *ur* og *r* í niðrlagi orða, og ætla eg hèr að geta hinna helztu orða, sem hafa (*or* eða) *ur* að niðrlagi í fornmálinu.

Orðin *faðir, bróðir, móðir, systir* og *dóttir* hafa *or* eða *ur* í eiganda, þiggjanda og þolanda eintölunnar, *föður, bróður, móður, systur* og *dóttur;* en þar að auk finnast og opt myndirnar *feðr, bræðr, mæðr* í hinum sömu föllum, t. d. *bræðr sínum, feðr mínum, mæðr sína.* Öll kvenkend orð, sem í nefnanda eintölunnar endast á *a,* hafa *or* eða *ur* að niðrlagi í nefnanda og þolanda fleirtölu, t. d. *kona,* í fleirtölu *konor* eða *konur.*

Karlkend orð, sem í nefnanda eintölu endast á *urr,* endast á *ur* í þolanda eintölunnar, og eru þessi hin helztu þeirra.

Fjöturr (fjöturs, fjötri, fjötur; fleirt. *fjötrar, fjötra, fjötrum): fjöturrinn varð slèttr ok blautr sem silkiræma,* SE. I 110; *hvernig varð fjöturrinn smíðaðr?* s.st.; *þá var fjöturrinn af Hallfreði látinn,* Hallfr. 4. k.: Sýn. 14_{26}; *þeir báðu enn úlfinn reyna þann fjötur,* SE. I 108; *(hann) lèt leggja á sik fjöturinn,* s.st.; *úlfrinn laust fjötrinum á jörðina,* s.st.; *þeir brutu af sèr fjötrana.* Nj. 90. k., 136.

Gizurr (Gizurar, Gizuri, Gizur).

Jöðurr (mannsnafn), Vígaglúms s. 21. og 23. k., Fóstbr. s., (1852), 7. bls.; ritað *Jóðurr* í Fóstbr. Kmh. 1822, 2. k., 9. bls.

Jöfurr hneigist alveg sem *fjöturr.*

Jösurr (mannsnafn), Landnámab. 2. p., 19. k., 121. bls.; Sagan af Hálfi ok Hálfsrekkum, 2. k.: Fas. II 26.

Kögurr (ábreiða, ekki sama sem *kögur* nú): *Sverrir konungr lét vandlega búa um leg Magnúss konungs, lèt gera grind um, utan um legsteininn, ok breiða yfir kögur,* Sverris s. 97. k.: Fms. VIII 237; Flat. II 620. *Var hann jarðaðr í Magnúskirkju ok breiddr yfir kögurr,* Hák. s. Hák. 330. k.: Fms. X 149_{16}; Strengleikar 45_{20}. *Kögursveinn,* SE. I 150.

Löðurr eða *Loðurr: lá gaf Loðurr ok litu góða,* Völuspá 18., Munchs útg.

Möpurr (viðartegund), SE. II 483.

Mösurr (viðartegund, á sœnsku *masur, masurbjörk,* á lat. *acer): mösorbolli,* Harald. harðr. 20. k.: Fms. VI 184_{20}; Fagrsk. 168. k., 115. bls. *Þar voru ok hveitiakrar sjálfsánir, ok þau trè, er mösur heita,* Eiríks s. rauða, 2. k.:

Grönl. hist. Mind. I 222. *Karlsefni vissi eigi, hvat trè var; en þat var mausur, kominn af Vínlandi,* í sömu sögu, 7. k.: I 254. *Þar voru þau trè, er mösur hètu,* Þorf. s. karlsefn., 4. k.: Grönl. hist. Mind. I 386. SE. II 483. 566. *Gengu þeir á land upp ok fengu nokkut mösurtrè,* Helga Þ. Þóriss., í Fms. III 135: Flat. I 359.

Þiðurr (fuglsheiti, á dönsku *Tiur),* SE. II 489. *Bekkþiðurr* (lœkjar þiðurr, önd) Egils s. 31. k. *Benþiðurr* (hrafn): *þar benþiðurr blóðga vængi,* Sigurð. s. slembid. 7. k.: Fms. VII 345. *Farit hefi ek blóðgum brandi, / svá at mèr benþiðurr fylgdi,* Egils s., 48. k. *Fèkk benðiðurr blakkan / bjór,* Fóstbr. (Kmh. 1852), 110. bls. *Fecc bænþiðurs blacke / bior,* Ól. s. helg. (Christiania 1849), 96. k., 72. bls. *Valþiðurr,* Har. s. harðr. 114. k.: Fms. VI 403.

Ögurr (bœjarnafn í Ögurshreppi í Ísafjarðarsýslu): *Þormóðr lagði mjög kvámur sínar í Ögur,* Fóstbr. s. (Kmh. 1852), 30. bls. og neðar á sömu blaðsíðu: *Endrnýjar hann þá ferðir sínar í Ögur . . . . Þormóðr gekk með skjöld ok sverð jafnan, er hann fór i Ögur.* Á 33. bls.: *Um morguninn fór Bersi með marga menn í Ögur.*

Öndurr (skíð; *öndurs, öndri, öndur;* í fleirt. *andrar, andra, öndrum): Snæliga snuggir, kváðu Finnar, áttu andra fala,* Magn. s. berf. 10. k.: Fms. VII 20. *Búum ólítinn Áta / andur þèr til handa,* Sn. Ól. s. helg. 48. k. Þar af koma þessi samsettu orð: *öndurás* (skíðaguð), *öndurdís, öndurguð. Hvernig skal kenna Ull? Svá, at kalla hann son Sifjar, stjúp Þórs, öndur-ás, boga-ás, veiði-ás, skjaldar-ás,* SE. I 266. *Þá fór Skaði upp á fjallit ok bygði í Þrymheimi, ok ferr hon mjök á skíðum, ok með boga ok skýtr dýr; hon heitir öndurguð eða öndurdís,* SE. I 94.

Özurr hneigist sem Gizurr.

Samstafan *or* eða *ur* kemr og fram í nokkurum fornöfnum, nefnilega í *annarr, nokkurr* (sem og hefir myndirnar: *nökkurr nakkvarr, nekkverr), okkarr, yðvarr, ykkarr.*

Annarr hefir *önnor* eða *önnur* í nefnanda eintölu í kvenkyni og nefndanda og þolanda fleirtölu í hvorugkyni, t. d. *Sia var eN avNor kona,* Jarteinab. Þorl. bisk. 44. k.: Bisk. I 353_{32}; *eNor beinin,* s. st. Bisk. I 354_{4}. *Ek man Ermingerdi / vtan aunnur*

skaup verdi, Flat. II 479; *svâ sem önnur guðin eru máttug,* SE. I 82.

Nokkurr (sem í elzta málinu er ritað *nekkverr*) hefir samstöfuna *or* eða *ur* í öllum föllum og kynjum bæði í fleirtölu og eintölu, t. d. í karlkyni: *nokkurr, nokkurs, nokkurum, nokkurn; nokkurir, nokkurra, nokkurum, nokkura;* í kvenkyni: *nokkur, nokkurrar, nokkurri, nokkura; nokkurar, nokkurra, nokkurum;* í hvorugkyni: *nokkurt (nokkut) nokkurs, nokkuru; nokkur nokkurra, nokkurum.*

Okkarr, yðvarr og *ykkarr* hafa endinguna *or* eða *ur* í sömu föllum sem *annarr,* t. d. *Ógnrakkr, skalat okkur, / álmr dynskúrar málma! / svá bauð lind í landi / líns, hugrekki dvína,* SE. I 412. Hèr á saman *okkur hugrekki* (nostra animi magnitudo). *Eigi sjáum vit efni okkur til þess at svá búnu,* Hallfr. s. 1. k.: Sýnisb. 7_9. *Þa mvn yðr favr yðvr þikkia betz, ef þer ráðit þessv,* Njáls s. 58. k., 90_{13}. *Gera skal ek þat vinattv bragð þer er yðvr sęmd skal oll við liggja,* s. st. 140. k., 228_5. *En þá er menn erv sofnaðir skvlvt þer taka beisl yðvr ok söðulreiði,* s. st. 22. k., 33_{31}. *Ok er þat geta mín at þat se ráð hans at standa skyli bú yðvr úręnt,* s. st. 132. k., 208_3. *Þá er skaplig kváma ykkur,* Hallfr. s., 1. k.: Sýnisb. 7_{26}. (*ykkur kvâma,* Fms. II 3_{29}).

Sumar hefir í nefn. og þol. fleirtölunnar *sumor* eða *sumur,* t. d. *svört verða sólskin of sumur eptir,* SE. I 60; Völuspá 33, Munchs útg.

Töluorðið *fjórir* hefir í nefnanda og þolanda fleirtölunnar í hvorugkyni *fjögor* eða *fjögur,* og í eiganda fleirtölunnar *fjögorra* eða *fjögurra,* t. d. *Þott hann hafi .CCC. manna eða fjogur,* Ól. s. helg. (1853) 56. k., 61_3.; *fjögur höfuð,* SE. I 32; *fluttak fjögur kvæði,* SE. I 710; *fjögur heil mál,* SE. II 222. *Samstafa hefuir fiögur tilfelli,* SE. II 504 (en *fjögr tilfelli,* SE. II 82; *fjögr epli,* Sýnisb. 397_{13}, eptir skinnbók »hèr um frá 1400«). *Lètu þeir fara örvarboð fjögurra vegna frá sèr,* Fms. II 217_9: Flat. I 433_1. *.IIII. menn sendi hon fjögurra vegna í bygðina,* Ól. s. helg. (1853) 33. k., 30_{18}. Flateyjarb. II 33_{37} hefir hèr og *fiogurra,* en Fornm s. IV 75_{17} *fjögra.*

Samstafan *or* eða *ur* finst enn í nokkurum orðum samskeyttum, eða fyrir framan afleiðsluendingar, t. d. í

Geigurligr: Flugu hræleiptr / at hjarar leiki / geigurlig / á Gauts himin, Hákonar s. Hákonars. 233. k.: Fms. IX 516—

517. *En hrælögr / at hjarar borðum / geigurligr | glymjandi fèll;* s. st. 236. k.: Fms. IX 521.

Geigurr (óttalegr, voðalegr): *Þar sjóðmjöll / svífa knátti / baugabrjóts / af boga fjöllum / harða hrein / hárri þjóðu / of gaglfárs / geigurs andra,* s. st. 258. k.: Fms. X 26.

Geigurskot (háskasamlegt skot): *Illa samir þèr at beriaz i moti oss epa sciota geigvrscot i lið vart,* Ól. s. helg. (1853), 223. k., 216_4. (Fms. V 76: *geigu skot;* Flat. II 353: *gæigrskot*).

Geigurþing (skaðsamlegt, hræðilegt þing): *Öllum þótti, Egða stillir! / ægilegt, hinn víða frægi, / Gunnar logs fyrir græði sunnan / geigurþing við yðr at eiga,* s. st. 293 k.: Fms. X 83. Þetta er hrynhendr háttr eða Liljulag, en þar mega eigi vera færri en átta samstöfur í hverju vísuorði; af því sèst, að eigi má lesa *geigrþing,* því ef það er gjört, verða samstöfurnar eigi nema sjö.

Köpuryrði (= digrmæli, gort): *Ekki munu hirðmenn Útgarða-Loka vel þola þvílíkum kögursveinum köpuryrði,* SE. I 150_8.

Iðurligr (= iðuligr): *Sem þionastumenn konongs sunar vrðu visir oc varer sua iðurllegrar gangu,* Barlaams s. 94. k., 94_9. *Um nætr var hann a iðurllegom bænom,* 103. k., 100_{31}.

Iðurligleikr: likams siukleika oc iðurllegleik slikra vesallda, Barl. 195. k., 196_{23}.

Iðurmæltr: Nú er iðurmælt, SE. I 660. *Ella er hið sama orð fyrir fegrðar sakir optar sett sem í dunhendu eðr iðurmæltum hætti,* SE. II 240.

Ógurligr: Enn herskipum hrannir / höfuð ógurlig þógu, SE. I 500. *Lítz mer ógvrligri flestvm monnvm þeim er ek hefi seð,* Njáls s. 120. k., 183_6. *Nú er ógvrligt / vm at lítaz,* s. st. 158. k., 278_{13}. *Engi hefir sá sèt ógurligar sjónir, er eigi mátti þat sjá,* SE. I 170_9.

Tigurligr (= tiguligr): *Þat var allra manna sögn, at eingi hefði sèt fegra mann eðr tigurligra,* Fms. VI 438_{19}. *Er bæðe var tigrllegr at ætt oc eðli,* Barl. s. 194. k., 195_9.

Ömurligr: Bana sè ek okkarn / beggja tveggja / allt amorligt / útnorðr í haf, Landnámab. 2. p., 30. k.

Það hefir ekki verið fyrirætlun mín, að telja hèr upp öll þau orð, sem hafa í sèr samstöfuna *or* eða *ur,* heldr að eins hin helztu.

Sum af þeim orðum, sem eg hefi hèr upptalið, eru tilfœrð í Frumpörtum Konráðs Gíslasonar, 70.—71. bls., og þar að auk þessi orð: *töturr, öldurmaðr,*[1] *klöppurnes,*[2] *snöfurligr, vafurleysa.*

Með því nú hinar elztu og beztu fornbœkr gjöra nákvæman mun á stafnum *r* og samstöfunni *or* eða *ur,* þá liggr í augum uppi, að *r* hefir upphaflega eigi verið framborið sem heil samstafa eða sem *ur.* Þetta má og sjá af skáldskap fornmanna og ýmsu öðru í ritum þeirra, og er Háttatal Snorra Sturlusonar (sem hann mun hafa fullgjört, svo sem það er nú, skömmu fyrir dauða sinn 1241) hið elzta rit, sem eg hefi fundið, er ljóslega sýnir, að *r* í niðrlagi orðs hefir eigi verið talið sem samstafa sèr. Snorri segir í Háttatali (SE. I 608): *„Þat er leyfi háttanna, at hafa samstöfur seinar, eða skjótár, svá at dragist fram eða aptr or rèttri tölu setníngar, ok megu finnast svâ seinar, at fimm samstöfur sè í öðru ok enu fjórða vísuorði. Svâ sem hèr er:*

Hjálmsfylli spekr hilmir
hvatr Vindhlæs skatna,
hann kná hjörvi punnum
hræs þjóðár ræsa;
ýgr hilmir lætr eiga
öld dreyrfá skjöldu;
styrs rýðr stillir hersum
sterkr járngrá serki«.

Hèr ætlast Snorri til, að *fimm* samstöfur sè í síðari línu hvers vísufjórðungs:

hvatr vindhlæs skatna.
hræs þjóðár ræsa.
öld dreyrfá skjöldu.
sterkr járngrá serki.

Verða þá orðin *hvatr* og *sterkr* ein samstafa hvort, og gjörir þá niðrlagserrið enga sèrstaka samstöfu. Rètt þar á eptir (SE. I 608) segir Snorri: »*Nú skal sýna svâ skjótar samstöfur ok svâ settar nær hverja annarri, at af því eykr lengð orðsins:*

Klofinn spyr ek hjálm fyrir hilmis
hjarar egg; duga seggir;

1) Þótti hann af öllum þeim *öldurmannligastr,* Magn. s. berf. 31. k.: Fms. VII 63. — 2) Gecc *kleppornes* fyrir utan þa, Ól. s. helg. (1853) 171.k.182_{27}. Lítit *klöpurnes* gekk fram fyrir utan hjá skipum þeirra, Sverris s. 88. k.: Fms. VIII 217.

þvi eru heldr, þar er skekr skjöldu,
skafin sverð lituð ferðar;
bila muna gramr, þó at gumna
gular rítr nái líta;
draga þorir hann yfir hreinna
hvatan brand prömu randa.

Hèr er í fyrsta ok þriðja vísuorði níu samstöfur, en í öðru ok fjórða VII«.

Af því, sem Snorri segir hèr um samstöfufjöldann í hverju vísuorði, sèst, að orðin *heldr, skekr, gramr, rítr* gjöra eigi nema eina samstöfu hvert, því ef t. d. orðin *heldr* og *skekr* væri lesin í tveim samstöfum hvort, yrði *ellefu* samstöfur í vísuorðinu þvert á móti því, sem Snorri segir.

SE. I 692: »*Þetta er hnugghent:*

Hrannir strykkva hlaðinn bekk,
haflöðr skeflir,
kasta náir kjalar stíg
kalt hlýr söltum;
svörtum hleypir svanafjöll
snjallmæltr stillir
hlunna fram of Haka veg
hríðfeld skíðum.

Hèr er í fyrsta ok þriðja vísuorði sjau samstöfur ok hendíngalaust, en rètt at stöfum, en annat ok it fjórða hefir fjórar samstöfur«. Hèr er auðsèð, að niðrlagserrið í orðunum *haflöðr* og *snjallmæltr* gjörir eigi heila samstöfu, því annars yrði samstöfurnar *fimm* í þeim línum, sem þessi orð eru í.

SE. I 696: »*Þetta er Haðarlag:*

Læsir leyfðr vísi
landa útstrandir
blíðr um bláskíðu
barða ranngarði;
ern kná jarl þyrna
oddum valbrodda
jörð með jelsnærðum
jaðri hrænaðra.

Í þessum hætti eru fimm samstöfur í vísuorði, en hendíngar ok stafaskipti sem í dróttkvæðum hætti«. Með því það er regla, að fimm samstöfur sè í hverju vísuorði í Haðarlagi, og hvorki fleiri

nè færri, þá eru orðin *leyfðr* og *blíðr* ekki nema ein samstafa, og er þá erríð eigi sèrstök samstafa. Fleiri dœmi mætti tilfœra úr Háttatali til að sanna, að Snorri hefir eigi talið niðrlagserríð sem samstöfu sèr, en þau dœmi, er eg hefi nú tilfœrt, sýnast nœgja.

Þetta sama má og sjá af ritgjörð eptir Ólaf Þórðarson hvítaskáld, bróður Sturlu Þórðarsonar og bróðurson Snorra Sturlusonar. Ritgjörð þessi er kölluð »Málfrœðinnar grundvöllr«; í henni bendir Ólafr á, að hann hafi verið hjá Valdimar 2. Danakonungi, þar sem hann segir (SE. II 76): »*Þessa stafi ok þeirra merkíngar compíleraði minn herra Valldimar Danakonúngr með skjótu orðtaki á þessa lund*«. Ritgjörð þessi hlýtr því að vera samin eptir að Ólafr hvítaskáld var hjá Valdimar 2. Danakonungi, en þess er eigi getið, að Ólafr hafi utan farið, fyrr en hann fór utan með Snorra Sturlusyni sumarið 1237; hann var í Niðarósi vetrinn 1237—38 (Sturlunga s. 6, 5: II 196; Hákonar s. Hákonars. 194. k: Fms. IX 453), var í Niðarósi með Skúla hertoga vorið 1239 (Sturl. 6, 23: II 232), var með Skúla síðar um sumarið, þá er hann bjóst norðan, og orti þá vísu um skip hans, er Langi Frjádagr hèt (Hákonar s. Hákonars. 195. k.: Fms. IX 457), en í marzmánuði 1240, þegar ósigr Birkibeina á Láku á Raumaríki 9. marz 1240, (Hákonar s. Hákonars. 217.—219. k.: Fms. IX 490.—494) frèttist til Niðaróss, var Ólafr í Niðarósi með Hákoni konungi; hefir því ekki getað verið hjá Valdimar 2. Danakonungi, nema frá vorinu 1238 til vorsins 1239, eða frá apríl 1240 til dauðadags Valdimars konungs 28. marz 1241. (Sbr. SE. II 76.—77.). Líklegast er, að hann hafi verið í Noregi frá því um sumarið 1237 til vorsins 1240 og þá farið til Danmerkr. Menn vita eigi, hvenær hann kom heim aptr, og hans er síðan hvergi getið, mèr vitanlega, fyrr en árið 1248; þá varð hann lögsögumaðr (Sturl. 7, 47: III 95). Hann dó 1259, eptir því sem annálar segja. Ritgjörð Ólafs, sú sem áðr er nefnd, mun því vera samin á árunum 1240—1259. Sá staðr í ritgjörð Ólafs, er niðrlagserríð snertir, er svo látandi (SE. II 82): »*Samstafa er samfyllilig stafasetníng, með einum anda ok einni hljóðsgrein, ósundrgreiniliga samansett ok frammfærð. Samstafa hefir fjögr tilfelli: staf eðr tölu, andi*[1] *ok tíð ok hljóðsgrein; þvíat hver samstafa hefir stafa tölu, einn staf eða fleiri, ok hefir eingi samstafa í latínu fleiri en sex, en í norrænu megu eigi standa*

1) ætti að vera: anda.

fleiri í einni samstöfu en átta eða níu,[1] *sem spǫnnzkr ok strennzkr*«. Í skinnbókarbrotinu ÁM. 757. 4. (SE. II 504) stendr: »*en j norrênu male mega standa .VII. eða .IX. j einne samstôfu sem her spenskr strendzkr*«. En hvorum lestrarmátanum sem fylgt er, þá er auðsèð, að orðin *spǫnnzkr* og *strennzkr* eða *spenskr* og *strendzkr* eiga að vera hvort um sig *ein* samstafa, og niðrlagserrið því eigi gjörir samstöfu sèr. Þótt Ólafr hafi tekið þessi orð eptir einhverri eldri ritgjörð, er það engi sönnun gegn því, að hann hafi eigi talið niðrlagserrið sem sèrstaka samstöfu. Rètt á eptir (SE. II 82) nefnir Ólafr orðin *snarpr, garpr, vaskr, röskr* sem *eina* samstöfu hvert, en þar á móti *aller, snialler* sem tvær samstöfur.

Af kvæðum eða vísum, sem ortar eru á tímabilinu 1240—1263, verðr eigi annað sèð, en að niðrlagserrið sè eigi talið sem samstafa sèr, og í Hákonarmálum, sem Sturla Þórðarson orti um Hákon konung Hákonarson á árunum 1263—1265, er það eigi talið sem samstafa sèr. Þetta kvæði er með Haðarlagi, sem Snorri Sturluson segir að eigi að hafa fimm samstöfur í hverju vísuorði (Sbr. 11. bls. hèr að framan). Sturla fylgir og rækilega þeirri reglu í þessu kvæði. Kvæðið er tuttugu vísur, og eru allsstaðar í því fimm samstöfur í hverju vísuorði, frumhending í fyrstu samstöfu, en viðrhending í fjórðu samstöfu. Ef fljótt er álitið, virðist vera brugðið af þessari reglu á nokkurum stöðum í kvæðinu, þar sem vísuorðið sýnist vera meir en fimm samstöfur, en ef betr er aðgáð, sèst, að það er eigi. Þessir staðir eru:

1., í 3. vísu (Fms. X 121): »*Glumdi á gjálfrtömdum*«, en hèr á að lesa: »*Glumd' á gjálfrtömdum*«.

2., í fimtu vísu (Fms. X 124): »*heldum um haf aldir*«. Þar á að lesa: »*heldum hófaldar*«; svo les Sveinbjörn Egilsson í Fms. XII 220 og Sveinn Skúlason í »Safni til sögu Íslands« I 619.

3., í sjöundu vísu (Fms. X 128): »*Il fyrir ítrbóla*«. Þar á að lesa: »*Il fyr ítrbóla*«. Í elztu skinnbókum er opt ritað *fyr*, þar sem seinna var ritað *fyri, fyrir, firir*.

4., í sautjandu vísu (Fms. X 137): »*drap hina dulgreypu*« og »*drótt sá er dalgauta*«.

Fyrra vísuorðið er hèr bjagað; Flateyjarbók hefir *drápi dulgreipa* og er þar samstafnafjöldinn rèttr. Síðara vísuorðið má lesa: »*drótt sá'r dalgauta*«.

1) gáta Rasks; í Wormsbók stendr „XII," sem ekki getr verið rètt.

Í Árna biskups sögu eru engar vísur og eigi heldr í Laurentíussögu, og eigi þekki eg neinar vísur eða kvæði, er með vissu verði um sagt, að þau sè ort á árunum 1265—1300. Af skáldskap manna á því tímabili get eg því eigi neitt ályktað um framburðinn. Íslenzk frumbrèf frá þessu tímabili, 1265—1300, munu eigi heldr til vera, svo að af þeim verðr eigi heldr ályktað; en þar á móti eru til frumbrèf rituð í Noregi, og má af þeim sjá framburðinn á málinu þar. Af þessum norsku frumbrèfum má sjá, að framburðrinn á niðrlagserrinu hefir verið farinn að breytast í Noregi um 1290, en þar var errið eigi framborið sem *ur*, heldr sem *ar* eða *er*, t. d. í

Dipl. Norv. 1. Saml. nr. 81., 13. júní 1292, frumbrèfi á bókfelli: hævar (= hefr) þa mârkrein or skotbærgi. Valþiouar (= Valþjófr).

1. Saml. nr. 82., 2. júní 1294, er frumbrèf á bókfelli, sem eg leyfi mèr að setja hèr til dœmis um stafsetning Norðmanna. Brèfið er og að því merkilegt, að það nefnir íslenzka menn.

»Lífuanndom ok uiðr komanndom. Ollum guðs uinum ok sinum þæim sem þetta bref sia eðða hœyra senndir Uigi logmaðr Q. G. ok sina ek uill yðr kunnikt gera att Gunnar a Borgom ok Þorer klærkr komo till minn ok kærððo firir mer um æinngna kaup þæira Olafs Harals sonar ok Gunnars a Borgom ok prouaestt þa sua firir mer ok morgum oðrum goðom monnum. att *Olafer* Harals son sældi Gunnare bonnda þa æignn er Borgar hæita en Gunnar fek honom þa æignn er Lofstaðar hæita atiann aura boll ok gaf honom imillum fiorom kyrlagum fat i sextigi kyrlaga ok uaro þa sex aurar firir ku ok lauk Gunnar bonde þetta fe i æinngu oðru en i kumm ok silfri. ok baro þesser menn her uitni um Glœðer gulhals ok Uettrliðði skuli ok toko þæir sua till bokkar ok teðo þat guði att þæir uaro þar i hia ok þatt hœyrððu þæir. ok þat sa þæir att þau heldo fystt hondom sammann Gunnar ok Margretta ok þa iakuædde honn þesso kaupi siðan heldo þæir honndom samann *Olafer* ok Gunnar ok kœyptu þa æignnnunum, eptir þat gek Gunnar till Margretto ok spurðði hana. ef hon uildi iatta trygging a æignennne ok honn iattaðe þa annat sinni með hansale siðan heldo þæir en honndom samann *Olafuer* ok Gunnar trygði þa Olafuer Gunnare Borga æignn ok skœytti unndann ser ok sinu afsprengi en Gunnar Olafue Lopstaða æignn með sama skilorðde sua

baðo þæir ser guð hollan sem þæir satt sogðu ok oll þau hæilog orð er a bokkenne uaro ok æi baro þæir þetta uitni firir nokora muna saker uttan firir guðs saker ok laga ok rettynnda ok eptir þessom uittnis burð allra hælst er logbok uattar sua at eftir uitnum ok gognum skal huart mal dœma þui sagðe ek þat log at Gunnar fylgi Borga æignn en Margreta fylgi Lopstaða æignn alra hælst er honn kaus ser þessa æignn i sitt lutt skipti eftir Olaf þa er honn atte lutskifti uið born sinn hia uerande þessare minni log sognn. uar herra Jonn logmaðr af Islande herra *Ællender* stærki herra *Þorððer* a Moðru uollum. *Peter* logmaðr a Uikenne *Bærgulfer* Ragnu sonn. Jokæll a Moe. Aste a Mærðini. *Ormer* í Læifsgarððe. Snorre hirðmaðr Gunnar ulfualde Suæinn gulli ok Mælbyggir *Olafuer* ok *Folkuarððer* ok marger adrer goðer menn. Þetta bref uar gortt ok gefuet a Marti Marcellini ok Petri. A fimtanda are rikis virððulegs herra Æiriks Magnus enns korunaðða Noreks konungs. nu sa er þenna min oskurð uill æi hallda suare sliku firir sem logbok uattar þæim a *hender* er logmansz dom *ryfer*. Ok till vitnis burððar gafuo mer uartt bref ok insigli firir þetta mal. Valete jn Christo«.

1. Saml. nr. 84., 24. nóv. 1296, frumbrèf á bókfelli: »oss synizt sa domr *logleghar*« (ɔ: lögligr).

Það eru mikil líkindi til, að framburðrinn á niðrlagserrinu hafi og verið farinn að breytast á Íslandi fyrir 1300 og að menn hafi þar verið farnir að bera það fram sem *ur*. Þetta sýnist mega ráða af skinnbókum, sem að öllum líkindum eru ritaðar fyrir 1300, og vil eg nú tilfœra nokkur dœmi um það. Í skinnbókinni ÁM. 623. 4, er Konráð Gíslason ætlar ritaða um miðja 13. öld, er ritað *dýrligur* (Sýnisbók 446_7), *vinnor* (= vinnr, Sýnisb. 442_{18}), en hins vegar víða *föþr, móþr* (= *föður móður*, Sýnisb. 439_2. 440_{11}. $_{22}$. 441_{12}. 442_9). Í skinnbókinni ÁM. 625. 4, er K. Gíslason ætlar ritaða á síðara hlut 13. aldar, er ritað *angursemi* (Sýnisb. 65_{16}).

Í Konungsbók, þeirri er Snorra Edda er á og að ætlan manna er rituð í lok 13. aldar eða byrjun hinnar fjórtándu, bregðr og fyrir þessum framburði; er þar stundum *u*-hljóðinu innskotið fyrir framan *r*, þegar eigandamerkið *s* eða einhver annar samhljóðandi kemr á eptir errinu, t. d. *fegurð*, SE. I 90_{20}. *digurleiks* (í skinnbókinni *ðig̃leıkſ*), I 110, 12. orðamunargrein; *ragnarökurs*, I 184_{22}; *fæturnir*, I 284_{22}; *vaforlogi*, I 362_{21}. $_{23}$; en *vafrlogi*, I 360_{22}. $_{25}$; *fegurst*, I 366_{21}; *vindræfurs*, I 616_{19}.

Þessi framburðr sèst enn betr af stafsetningu Uppsalabókar, sem Snorra Edda er rituð á, og talin er að vera rituð um 1300 eða skömmu síðar. Að ritari þeirrar bókar, sem hefir verið fjarskalega gálaus og skilningslaus, hafi engan mun gjört á *r* og *ur* í framburði sínum, sèst einkum af því, að hann ritar svo opt *r*, þar sem *ur* skal vera, t. d. *Avnnr natvra*, SE. II 251_{7}. *tvngr*, II 251_{25}. *havſvptvngr*, II 252_{7}. *favpr*, II 252_{34}. *byflvgr*, II 264_{8}. *onnr gopin*, II 265_{13}. *flotr allsterkan*, II 272_{4}. *annan flotr*, II 272_{9}. *penna flotr*, II 272_{10}. en *flotvr þann*, II 272_{23}. *ogrligsto synir*, II 287_{12}. *stiornr*, II 290_{28}. 292_{4}. 294_{30}. *þrvmr*, II 298_{32}. *vimr*, II 300_{32}; en *vimvr*, II 300_{27}. Í skinnblöðum, sem Dr. Hallgrímr Scheving hafði undir höndum, og eru sömu skinnblöðin, sem Sveinbjörn Egilsson vitnar til í orðabók sinni, og munu vera úr Hauksbók[1], er og ritað *r* fyrir *ur* og *ur* fyrir *r*, t. d. *motu nautur*, á 12. bls. *Su þioð er þar er ala sem feitast foðr sinn oc moður*, á 16. bls.; *eigi sakar orma eitur*, á sömu bls.; *þar ero oft orostr*, á 17. bls.; *munur*, á sömu bls.; *v̄ solstoðr*, á 26. bls.

Frá miðri og ofanverðri 14. öld eru til nokkur kvæði, sem í þessu efni eru mjög merkileg. Það er auðsèð, að höfundar þessara kvæða hafa þekt hinn forna framburð á niðrlagserrinu og reynt til að hafa hann í skáldskap sínum, en ekki getað það allsstaðar. Eitt af þessum skáldum er Arngrímr, sem varð ábóti á Þingeyrum 10. ágúst 1350, og dó 13. okt. 1361[2]. Hann hefir samið sögu Guðmundar biskups Arasonar; er hún prentuð í öðru bindi af Biskupasögum. Saga þessi er samin á tímabilinu 1345—1361. Að samsetningu sögunnar hafi eigi verið lokið fyrr en árið 1345, má ráða af því, að í sögunni er skírskotað til drápu þeirrar, er

1) Haukr lögmaðr Erlendsson dó 3. júní 1334. Hann hefir sumpart sjálfr ritað, sumpart látið rita ýmsar sögur og ritgjörðir á eina stóra bók, er sumt er nú týnt af. Nú er þessi bók í þrennu lagi í safni Árna Magnússonar á Sívalaturni í Kaupmannahöfn, nefnilega nr. 371. 4.; 544. 4; 675. 4. Guðbraudr Vigfússon getr til í formála fyrir 1. bindi Biskupa sagna XIX. bls., að Hauksbók öll sè rituð á árunum 1294—1300. Sumt af henni kann vera ritað á þessum tíma, en sumt hlýtr að vera ritað eptir 1300, t. d. Fóstbrœðra saga, því í henni segir í 3 k, 67. bls. (í útg. 1852) um skála nokkurn: „hann stóð enn, er Árni biskup enn síðarri var vígðr til Skálaholts“. Þessi Árni er Árni biskup Helgason, er vígðr var 1304. Fóstbr. saga hlýtr því að vera rituð eptir þann tíma. — 2) Eptir einum annál, 1362. Jón Sigurðsson segir í Íslenzku Fornbrèfasafni I 366, að hann hafi dáið 1362, en I 509., að hann hafi dáið 1361.

Arngrímr ábóti orti um Guðmund biskup og prentuð er á 187—202. bls., en drápan er ort 1345, sem sjá má af 47. vísu:

»*Liðit er nú sízt hann var hèðra*
hundrat ára, svá höfum fundit,
aukast þar til enn at líku
átta vetr, sem ritning váttar«.

Guðmundr biskup Arason dó 16. marz 1237, en drápan er ort 108 árum síðar, og verðr það árið 1345. Drápa þessi er með hrynhendum hætti, en í þeim hætti mega eigi vera færri en átta samstöfur í vísuorði, en geta verið fleiri en átta. Reglan er, að fjórir tvíkvæðir bragliðir *(pedes disyllabi)* sè í hverju vísuorði; en þessir bragliðir geta verið þríkvæðir *(trisyllabi)*, að hinum síðasta undanteknum, og þannig ellefu samstöfur í einu vísuorði, t. d. »*brynhosa / þröng fyrir / heilagar / göngur*«. Sökum þessa getr hinn nýi framburðr verið miklu víðar, en hann sýnist vera. Víðast má hafa hinn forna framburð á niðrlagserrinu í drápu þessari, en á nokkurum stöðum verðr að hafa hinn nýja, og ætla eg að tilfœra nokkur dœmi þess.

Úr 5. vísu:

»*Heyrðu nú til afbragðs orða,*
yfirmaðr várrar kristni saðrar!
þetta lof, þvíat þat er með váttum
þèr Guðmundur[1] *löngu fundit*«.

Úr 10. vísu:

»*Fæddist upp, sá er illu eyddi,*
öllum þekkur,[2] *guði ok rekkum*«.

Úr 16. vísu:

»*Eigi lèt fyrir ilsku gautan*
eljangjarn því heldur[3] *varna*«.

Úr 31. vísu:

»*Fjórir báðu fremdar stýri*
fátækir menn blítt með gráti,
rakkur[4] *hafði raunar ekki*
ráðum hollr nema af silfri bolla«.

Í þessari sömu sögu Arngríms um Guðmund biskup eru og margar vísur eptir Einar Gilsson, sem var lögmaðr norðan og vestan

1) Prentað í Bisk. s. Guðmundr, en verðr að lesast Guðmundur, svo að kveðandi haldist eða samstafnafjöldinn sè rèttr. 2) Prentað þekkr í Bisk. s. 3) Prentað heldr í Bisk. s. 4) Þannig prentað í Bisk. s.

1367—1369.[1] Fœðingar og dauða ár hans er eigi kunnugt. Hans er fyrst getið ár 1340. Var hann þá staddr á Víðivöllum í Skagafirði tveim nóttum eptir gangdaginn eina (27. apríl) og er hann þá kallaðr bóndi.[2] Þar næst finst hans getið árið 1353. Var hann viðstaddr »*in Crastino beati Johannis episcopi Holensis,*« þá er herra Ormr biskup reið á landamerki millum Ennis og Lœkjar, Grafar og Bakka.[3] Auk þeirra vísna, sem eru eptir Einar Gilsson í Guðmundar sögu Arngríms, hefir hann og ort Ólafsrímu, um Ólaf konung hinn helga, og er hún prentuð í »Oldnorsk Læsebog, udgiven af P. A. Munch og C. R. Unger, Christiania 1847,« og í Flateyjarbók, I 8—11. Eg ætla fyrst að tilfœra dœmi úr vísum eptir Einar Gilsson í Guðmundarsögu, og svo úr Ólafsrímu.

18. v. úr Selkolluvísum, Bisk. s. II 86:

»Bátr seig, borð var lítið,
brast súgr um lið drjúgan,
salt þó húfi hèltum,
hrönn fèll í knè mönnum.
áður[4] *hreytendr hètu,*
húm lá salt í rúmum,
at Guðmundur[4] *grandi,*
Góins stèttar, þeim lètti«.

Vísur um viðrtal Þóris erkib. ok Guðm. biskups, Bisk. II 99—103; fyrri helmingr 6. vísu:

»Prestar veita mèr á móti
mótigang ok þrautir strangar,
syngur[5] *enn með biskups banni*
bannsett ferð í Jesús ranni«.

Ólafsríma er með ferskeyttum hætti, sem nú er alment rímnalag; í hverri vísu eru fjögur vísuorð (er sumir nú kalla *hendingar,* en það er eigi rètt að kalla þau svo). Fyrsta og þriðja vísuorð eru sjö samstöfur, annað og fjórða sex samstöfur. Færri mega samstöfurnar eigi vera og eru aldrei hafðar færri, en fleiri geta þær verið. Til að sýna þetta, vil eg fyrst taka dœmi úr núveranda skáldskap.

Sorg og mœða sín fær laun,
svo er lífsins hagur;

1) Safn til sögu Íslands II 67. 2) Brèfabók Jóns Halldórssonar, II 59, í stiptsbókasafninu. 3) Brèfabók Jóns Halldórssonar, II 57.—58. 4) Prentað áðr og Guðmundr í Bisk. s. 5) Prentað sýngr í Bisk. s.

optast kemur eptir raun
einhver gleðidagur.

Þegar rykkir þessum hjör
þegn af bystu lyndi,
var sem hrykki elding ör
undan hvössum vindi.

Leiptraði bláa Blinds elding
buðla þá í höndum,
niður sáir hann í hring
hlífa gráum fjöndum.

Þessar vísur sýna, að samstöfurnar mega eigi vera færri en eg sagði; en geta verið fleiri. Þannig eru átta samstöfur í vísuorðinu: »Leiptraði bláa Blinds elding«, en þurfa eigi að vera nema sjö, og mega eigi vera færri en sjö, eins og er í vísuorðinu: »niður sáir hann í hring«. Eg ætla því næst að tilfœra vísur úr Ólafsrímu, sem sanna, að niðrlagserrið verðr þar sumsstaðar að berast fram sem *ur*.

1. vísa:

»Ólafr kóngur[1] *örr ok fríðr,*
átti Noregi at ráða,
gramr var æ við bragna blíðr
borinn til sigrs ok náða«.

11. vísa:

Fylkir ríkur[2] *frægr ok mildr*
frèttir safnað penna,
þá vill hilmir hraustr ok gildr
hvergi undan renna«.

12. vísa:

»Bragning lætur[3] *byrja ferð*
bónda múg í móti,
hann vill jafnan hræra sverð
ok herða skot með spjóti«.

16. vísa:

»Rögnvaldur[1] *var mildr ok merkr*
með þeim kóngi góða,

1) kongr í Flat.: konungr í Oldn. Læsebog. 2) ríkr í Flat. 3) lætr í Flat. 4) Raugnualdr í Flat.

Brúsa sun nam brigða sterkr
brand í dreyra at rjóða«.

25. vísa:

Taki þèr heldur[1] *helga trú*
himna kóngs með blóma;
virðar, kastið villu nú
ok verið með oss í sóma«.

28. vísa:

»Garpar fleiri at fylki renn,
en fyrðar mega þat telja,
siklingur[2] *nam sæmdarmenn*
sèr til liðs at velja«.

29. vísa:

»Kálfur[3] *hafði múga manns*
merkta völlu víða,
níðingligt var næsta hans
niflung þeim at stríða«.

36. vísa:

»Hárekr eggjar herlið sitt,
heitur[4] *mörgum sóma;*
lúki garpar geysi strit
gram fyrir harða dóma«.

40. vísa:

»Árna synir sinn unda naðr
einart drógu af magni,
kendist ei svá klókur[5] *maðr,*
kæmi hlíf at gagni«.

41. vísa:

»Þórmóður[6] *nam brytja bráð*
bleikum fálu hesti,
varði kóng með dygð ok dáð,
darra èl hann hvesti«.

42. vísa:

»Þórir hundur[7] *þrautar gildr*
þreif sitt spjótið snarpa,
laga var hann ok höggva mildr
við harða kóngsins garpa«.

---

1) helldr í Flat. 2) siklingr í Flat. 3) Kaalfr í Flat. 4) heitr í Flat. 5) klokr í Flat. 6) Þormodr í Flat. 7) hundr í Flat.

43. vísa:

»Þorsteinn hèt sá er Þóri viðr
Þar nam fram at ganga,
sá var kendur[1] *knarrarsmiðr,*
kominn í villu stranga«.

46. vísa:

»Þorgeirr vóð í randa regn,
ræsi náði at finna,
snarr rèð kóngur[2] *þrjózkum þegn*
Þessi orð at inna«.

52. vísa:

Kálfur[3] *hjó til bragnings bystr,*
batt sèr þungan vanda,
ramliga var hann á reiði lystr
ræsi þeim at granda«.

54. vísa:

»Þá kom Dagr með drengi sín
darra þing at heyja,
margur[4] *hlaut við mikla pín*
maðr af sút at deyja«.

59. vísa:

»Fróni er huldur[5] *fylkir mætr*
firður[6] *nauð ok grandi,*
líkami kóngs var mildr ok mætr
mánuðr tólf í sandi« .

Hinn sami hvikulleiki í framburðinum, ýmist hinn forni eða hinn nýi framburðr, kemr og fram í Skáld-Helgarímum. Þessar rímur eru prentaðar í »Grönlands historiske Mindesmærker«, öðru bindi. Þær eru líklega ortar á ofanverðri 14. eða öndverðri 15. öld. Eg ætla að taka nokkur dœmi úr þeim.

1. ríma, 16. vísa:

»Blíðir drukku bónda hjá
býtir[7] *ofnis láðar,*
nú má hann Helgi heyra ok sjá
þær Halldórs dœtur[8] *báðar«.*

1. r., 19. v.:

»Hugðar tal við hreystimann

1) kendr í Flat. 2) kongr í Flat. 3) Kaalfr í Flat. 4) margr í Flat. 5) huldr í Flat. 6) firdr í Flat. 7) býtar? 8) dætur í GhM.

heiðurs[1] *jungfrú lagði,*
einnin vildi hún sem hann
hverfa at þessu bragði«.

1. r., 29. v.:

»Sætan innir sínum feðr
af sönnum hjartans vilja
*allmjök viltu ýfast með*r
okkur[2] *Helga at skilja«.*

1. r., 39. v.:

»Veiztu seims ef systir mín
sampykk verður[3] *Baldri,*
þá er þat víst, kvað vella Lín,
við munum njótast aldri«.

1. r., 40. v.:

»Far þú heldr ok bið mín brátt
ok brjót svá ætlan setta,
tökum upp allan annan hátt,
ef ekki vinnur[4] *þetta«.*

1. r., 53. v.:

»Síðan gengu festar framm,
frèttir Katla en væna,
sögunni víkur[5] *suðr í Hvamm*
til silkitjalds ens græna«.

2. r., 2. v.:

»Engi er svá af glaumi glaðr,
gjörir sèr kæti langa,
þegar er allur[6] *annarr maðr,*
ef alt vill á móti ganga«.

2. r., 14. v.:

»Hrygðin meir á Helga beit,
en heimskur[7] *virða kunni,*
þá er hann af sèr þorngrund sleit,
þegn sem lífi unni«.

2. r., 22. v.:

»Málið þitt er mikit ok snjalt,
meiðir talaði sverða,

---

1) Svo í GhM. 2) Svo prentað í GhM. 3) verðr í GhM. 4—6) Svo prentað í GhM. 7) heimskr í GhM.

þó munt garpurinn[1] *ekki um alt*
auðnusterkur[2] *verða«.*

2. r., 24. v.:

»*Sè ek þat fyri, kvað sjólinn glaðr,*
svá mun æfin líða,
þú munt, Helgi, þrautamaðr
þikkja frægur[3] *víða«.*

Eg verð hèr að tala um hið nafnkunna kvæði Lilju. Höfundr þessa kvæðis er bróðir Eysteinn Ásgrímsson, munkr í Þykkvabœjarklaustri. Er þess getið í annálum árið 1343, að Eysteinn og tveir munkar aðrir hafi verið handteknir, af því þeir höfðu barið á Þorláki ábóta sínum; var Eysteinn settr í hálsjárn. Síðar varð hann munkr á Helgafelli, og skipaðr þar officialis 1349. Árið 1353 segja Íslenzkir Annálar (á 284. bls.) að orðið hafi mikið sundrþykki meðal Ólafs hirðstjóra og herra Gyrðs biskups og bróður Eysteins, og hafi þeir átt fjölmennan sáttarfund í Skálaholti, næsta dag fyrir Þorláksmessu, og orðið sáttir að kalla. Árið 1354 var Eysteinn 21. júlí með Gyrði biskupi að Felli í Kollafirði (Kirkjusaga Finns biskups, II 108; Espól. Árb.). Árið 1355 fór hann utan (Ísl. Ann.). Árið 1357 komu þeir út síra Eyjólfr Brandsson, kórsbróðir í Niðarósi, og bróðir Eysteinn. Vóru þeir skipaðir af Ólafi erkibiskupi *visitatores* á Íslandi. Fóru þeir yfir alt land, og urðu þá nokkurar greinir millum þeirra og Gyrðs biskups, en 1358 varð fjandskaprinn svo mikill milli Gyrðs biskups og Eysteins, að biskup bjóst til utanferðar. »Setti Eysteinn biskupi stefnu til Erkibiskups, en biskup lýsti banni yfir bróður Eysteini, hafði hann ok ætlat at sigla með biskupi til Noregs. Gekk bróðir Eysteinn litlu síðar til handa ok sættust at fullu. Herra Gyrðir skipaði bróður Eysteini officialis starf um Vestfjörðu« (Ísl. Ann.). Það var árið 1359, því þá ætlaði biskup utan. Bróðir Eysteinn fór utan 1360, lendi við Hálogaland mjög seint um haustið og voru skipverjar mjög að þrotum komnir (Ísl. Ann., 300. bls.). Hann kom til Elgisetrs í Þrándheimi nær kyndilmessu (2. febrúar 1361), en andaðist á langaföstu sama vetr. Einn annáll segir um Eystein við árið 1357: »Þessi Eysteinn var vel mentr maðr. Hann diktaði þat loflega kvæði Lilju til uppreistar ok iðrunar, eptir þat hann hafði áðr nítt biskup Gyrð«, Finnr biskup og Jón Espólín tala og við árið 1358 um, að hann hafi ort

1—2) Svo prentað í GhM., en hið fyrra orð má lesa garprinn. 3) fræg r í GhM.

Lilju. Vera mætti þó, að hann hefði ort hana 1343, til að bœta fyrir syndir sínar, þá er hann hafði barið á ábóta sínum. Lilja er tírœð drápa með hrynhendum hætti um Maríu guðsmóður og Krist. Drápa þessi er prentuð í 2. bindi af Kirkjusögu Finns, 398—447. bls. Hún ber, eins og önnur kvæði frá sama tíma, ljósan vott um breytinguna á framburði niðrlagserrsins og um leið um viðleitnina að halda hinum forna framburði, sem þá eigi var lengr til í daglegu tali. Eg tek nokkur dœmi úr henni.

Úr 7. vísu:

»Mektarfullr er afbar öllum
í náttúru ok skærleik sínum,
skaptur[1] *góðr, ok skein í prýði*
skapara næstr í vegsemd hæstri«.

Úr 14. vísu:

»Boðorðit eitt hinn blíði drottinn
býður[2] *þeim í skyldu at hlýða«.*

Úr 16. vísu:

»Svo prófandi segir til Evu:
Svara mér skjótt, en hví hefir dróttinn
sœtast ykkur[3] *blóm at bíta*
bannat, en lofat þó flest annat?«

Úr 21. vísu:

»Heimr er dauður[4]*, hvat er til ráða?*
hvar getr þann, er sèr megi bjarga?«

Úr 41. vísu:

»Aldri var sá fyrri á foldu
fœddur[5] *maðr, ek næsta hræddumst«.*

Úr 47. vísu:

»Púkinn kvaldur[6] *þeygi þoldi*
þenna leik, er harðan kennir«.

Úr 69. vísu:

»Kennstu við, svá mildur[7] *minnist*
mín drottinn í ríki sínu«.

Úr 77. vísu:

»Í margfaldri synda saurgun
svíður[8] *brjóst ok hefndum kvíðir«.*

---

1) skaptr í kirkjus. Finns. 2) býdr í kirkjus. Finns. 3) Svo (yckur) í kirkjus. Finns. 4) daudr í kirkjus. Finns. 5) fæddr í kirkjus. Finns. 6) kvaldr í kirkjus. Finns. 7) milldr í kirkjus. Finns. 8) svídr í kirkjus. Finns.

Úr 82. vísu:

»Pín mik, áðr en dettr á dauðinn,
dróttinn minn! í kvölum ok sóttum,
at því miður[1] *sè ek þá síðan*
slitinn á fjandans króki bitrum«.

Úr 83. vísu:

»Oleo smurður[2] *veittu ek verði*
viðrkennandi mildleik þenna«.

Úr 93. vísu:

»Hrærð af list þó hvers manns yrði
hold ok bein at tungum einum,
vindur[3] *leiptr ok grænar grundir,*
grös ilmandi, dupt ok sandar«.

Nokkuru síðar, en Lilja er ort, mun Árni ábóti Jónsson hafa ort drápu sína um Guðmund biskup Arason, enda ber þar enn meira á hinum nýja framburði á niðrlagserrinu. Drápan er prentuð í öðru bindi Biskupasagna, á 202.—220. bls. Um þenna Árna Jónsson vita menn það, að hann varð ábóti að Þverá 1371 og fór utan 1379.

Dœmi úr þessari drápu.

Úr 4. vísu:

»Mildingur sèr mána foldar
manna verk sem gjörvalt annat,
greinir hann því glögt, hvat þjónar
gumna hverr í Pèturs knerri«.

Úr 6. vísu:

Skírðr var þegar fæddist fyrða
fríðr ættstuðull, ok nefndur síðan
Guðmundr, er þá giptu hendi
gott at elska, en hafna spotti«.

Úr 7. vísu:

»Bernsku stètt, því at brá til ættar,
blíðkar hann, ok gildra manna,
sýndist nokkut sveinn í lyndi
sèrlátur með æsku máta«,

8. vísa:

»Kennidóms fèkk sæmdir sannar

1) midr í kirkjus. Finns. 2) smurdr í kirkjus. Finns. 3) vindr í kirkjus. Finns.

siðbætir ok vígslu mæta,
prestur sá var prýddr af Christo
pálmvið líkt, er getr í sálmi:
rót er sterk, en leggur lítill,
listug flúr ok grænir kvistir,
giptufullr í gæzku kröptum
Guðmundr hefir svá vaxa fundizt«.

9. vísa:

»*Háttprúður var hann ok iðinn,*
harðla dyggur, merkr ok hygginn,
söngvinn, hógværr, trúr í tungu,
tíri gæddr ok lífi skíru,
stöðugr, góðgjarn, sterkr ok væginn,
stiltur bezt við þjóðir viltar,
fyldr af ást ok mjúkri mildi,
maðr ágætr í lítillæti«.

Úr 13. vísu:

»*Snæfurt sýndist snjóhvít dúfa*
snara gegnum ræfur þegni
af dýrðarmanns öxl ok herðum,
andi guðs hann læra vandist«.

Úr 15. vísu:

»*Dygðugr þat sem vinr minn vígði*
vatn Guðmundur, fái þèr sprundi«.

Úr 17. vísu:

»*Spádómur nam sælan sæma*
síra Guðmund á hverri stundu«.

Úr 27. vísu:

»*Sælastur kom heim til Hóla*
heiðraðr svá sem skyldan beiðir
fýra drottinn af fremsta mætti,
fagnaðr var þá yfrinn bragna«.

Úr 28. vísu:

»*Honum veitir nú heiður mætan*
himins drottning, svá aldri þrotnar«.

29. vísa:

»*Eigi týndi vænstum vanda*
váttur guðs í fögrum háttum,
heldr þróaðist honum með valdi

hamingja sterk til kraptaverka;
setti hann, at siðirnir bættist,
sannan rètt miðil guðs ok manna,
áður gekk yfir bjarta brúði
berr ósómi andlangs herra«.

Úr 30. vísu:

»*Kirkjan poldi hneyksl af höldum*
harðla sterk ok rèttur klerka«.

Úr 35. vísu:

»*Guðsorð líkir glósan sverði,*
gilda trú hinum sterka skildi,
blezaða ást fyrir brynju trausta,
bjartlig ván sem hjálmur skartar«.

Úr 36. vísu:

»*Skynsöm önd er riddari reyndar*
röskr ok dýrr, er búknum stýrir;
hestur mjúkr ok holdit veyka
hlýða þeim, sem temr með þrýði«.

Úr 37. vísu:

»*Bræður varði ok milda móður*
mál hvessandi Samson þessi,
segia hlýtur þungar þrautir,
þær sem lýðrinn at honum færir«.

Úr 39. vísu:

»*Hræðist eigi heitan þjóða*
herra bjartr, er svá var í hjarta
kraptauðigr, sem fyrr í fræði
fagurt skýrðist mjök til dýrðar«.

Úr 43. vísu:

»*Ferskeyttur þó formi slèttu*
fagurskygðr er sá steinn með dygðum«

Úr 46. vísu:

»*Lýður sá var líkur Júðum,*
lagði grimd fyrir elsku sagða«.

Úr 47. vísu:

»*Gjörði þessi góður hirðir*
Guðmundur, sem til var stundat«.

Úr 52. vísu:

»*Sendi þá til Róms sá er reyndist*

röskan prest með fátækt mestri
gæfufullur góðum páfa
Guðmundur, sem margr hefir fundit«.

Úr 54. vísu:

»Biðr ok þess, at allir aðrir
í kristninni væri slíkir
formenn rètt at dygð við drottin,
dómur fèll svá honum til sóma«.

Úr 57. vísu:

»Röðuls brautar má rèttliga heita
riddari frækn ok góður læknir
mildings slíkur maðr, er aldri
mæddi stríð, en hjörtun græddi«.

Úr 58. vísu:

»Prúður herra písla nauðum
plágaðist prátt, sem letrin vátta«.

Úr 59. vísu:

»Sundur sprakk fyrir signan handar
sjóvar grímr, er langan tíma
prúða gat með prettum lýði
plágat mest í Hjörungavági«.

Úr 60. vísu:

»Guðmundur þeim grimmleiks fjanda
greypiligum í jörð nam steypa,
óvættur sú aldri mátti
aum síðan við drengi stríða«.

61. vísa.

»Örlátur nam biskup brjóta
bjartan sundr í marga parta
silfurbolla, er síðan allir
sjáligum reyndust jafnir í skálum;
hreinar varð fyrir herrans bœnir
harðast torf at slátri jarðar,
hamra grjót at fœðu feitri,
fríður kostr or bjargi síðan«.

Úr 62. vísu:

»Flýðu tröll ok fjándur leiðir
fyrir mætustum sálna gæti«.

Úr 66. vísu:

Dauður svá sem lifandi lýðum
líknar hann, er bæði sannan
heilagleik ok mildi mjúka,
mátt ok vilja góðan váttar«.

Úr 67. vísu:

»Sunnu skeiðs hefir mörgum manni
mildingur þat birt, at skyldu
bragnar þenna biskup tigna
bjartan rètt af öllu hjarta«.

Úr 70. vísu:

»Heita máttu heilagt sæti
heims stýris með formi dýru,
sól skínandi sigri vænum
sannur gimsteinn lærðra manna«.

Úr 73. vísu:

»Guðs engil munu Guðmund skilja
gumna sveitir vel mega heita,
drottins boðaði dyggur þjóðum
dýrð ok nafn sá biskup jafnan«.

75. vísa:

»Þýðust var honum María móðir,
mjök lystilig þar með systir
faðir ágætr, er eftir ýta,
Jesús góðr ok sætur bróðir,
hann var þeim á hverjum tíma
hlýðinn sonr með ástar þýðu,
höldum vær því hvat sem vildi
heiðurs maðr af guði til reiðu«.

Úr 77. vísu:

»Allur lýðr af hjarta heiðri
hann íslenzkr ok mæli þannig:
Sættu oss við sannan drottin
sannr elskari guðs ok manna«.

Úr 78. vísu:

»Mildur vartu fyrr á foldu,
furðu mætr í lítillæti,
vel þiggjandi sæmd at seggjum,
svá mun enn nú verka þenna«.

Úr 79. vísu:

»*Yfirmeisturum mun Eddu listar*
allstirður sjá hróður virðast«.

Af þessum dœmum, sem eg hefi hèr tilfœrt úr kvæðum frá miðri og ofanverðri fjórtándu öld, er auðsætt, að skáldin leita við að yrkja eptir hinum forna framburði, en þeim tekst það eigi alveg. Því síðar sem kvæðin eru ort, því meira ber á hinum nýja framburði. Þannig ber minna á honum í Guðmundardrápu Arngríms frá 1345 og í Lilju Eysteins, sem ort er 1358, ef ekki fyrr, meira ber á honum í Ólafsrímu Einars Gilssonar og Guðmundardrápu Árna ábóta Jónssonar, og af þessum kvæðum mun vera óhætt að álykta, að framburðrinn á niðrlagserrinu hafi um 1380 verið orðinn alveg hinn sami sem nú, nefnilega að það hafi verið framborið sem *ur*. Þó er það mjög sjaldan ritað *ur* í skinnbókum frá þeim tíma. Ritararnir reyna til að halda hinum forna rithætti, en þó verðr þeim stökum sinnum á að rita *ur* fyrir *r*, og einkum *r* fyrir *ur*, t. d. í Flateyjarbók, sem rituð er í lok 14. aldar. Í frumskjölum frá 15. öld og öndverðri 16. öld er einlæg samanblöndun hins forna og nýja ritháttar, og ýmist ritað *r* eða *ur*, þar sem *r* á að vera eptir hinum forna framburði, en á ofanverðri 16. öld hefir það orðið almennt að rita *ur* fyrir *r* í niðrlagi orða. Þessu til sönnunar ætla eg að taka nokkur dœmi úr fyrsta bindi Flateyjarbókar (Christiania 1860) og úr frumbrèfum, sem Jón Sigurðsson hefir látið prenta í öðru bindi af Safni til sögu Íslands.

Dœmi úr Flateyjarbók, fyrsta bindi:

1., *ur* fyrir *r*: *myrkurs*, 97_{19}. *silfurs*, 130_{13}. 303_{29}. 443_{29}. *fagurt*, 130_{16}. 133_{3}. 407_{26}. 423_{12}. $541_{21.\ 24}$.; *fagurkinn*, 208_{25}. *sigursællt*, 227_{6}. *æigi er ykkur saman uært*, 329_{26}. *storradur*, 456_{6}. *læidangursmonnum*, 456_{25}. *geingur*, 541_{33}.

2., *r* fyrir *ur*: *þuilikar sogr*, 35_{8}. *sua sem sögr eru til*, 42_{21}. *brodr sinum*, 44_{20}. 45_{15}. *brodr sins*, 52_{14}. *fðdrfðdr ydrum*, 63_{17}. *fodrs sins*, 75_{27}. *modr miog gamla*, 77_{21}. *fðdr sinn*, 134_{29}. 137_{5}. 390_{29}. 392_{2}. *fðdr sinum*, 135_{28}. 431_{15}. *fðdr sins, fodr sins*, 135_{31}. $137_{7.18}$. 387_{30}. *med rade fðdr þeirra*, 274_{8}. *firir ydr ord*, 324_{33}. *gifta ydr ok hamingia*, 380_{28}. *þiki mer hardla hræðilig ydr vstyrkt*, 409_{17}. *okkr uiðskipti*, 463_{28}.

Dœmi úr Safni til sögu Íslands, 2. bindi.

Frumbrèf á skinni, ritað á Skarði á Skarðsströnd 26. júní 1467.

1., *ur* fyrir *r: adur,* 179_{24}. *Þordur,* 179_{28}.

2., *r* fyrir *ur: dottr,* 179_{15}.

3., en eptir hinum forna framburði: *Þordr,* 179_{5}. *greindr,* 179_{14}. *adr,* 179_{17}.

Frumbrèf ritað á Þingvelli 1. júlí 1518.

1., *ur* fyrir *r: runulfur,* 193_{25}. *olafur, loptur,* 193_{26}. *þorgautur,* 193_{37}.

2., eptir hinum forna framburði: *odr,* 193_{36}. *bijkendr,* 194_{5}.

Frumbrèf á skinni, ritað á Hlíðarenda 14. júlí 1520.

1., *ur* fyrir *r: Eirekur,* 198_{37}. *Runulfur, olafur,* 198_{38}. 199_{2}. *aptur,* 199_{12}. *leingur,* 199_{25}.

2., en eptir hinum forna framburði: *sidr,* 199_{7}. *edr,* 199_{21}. *adr,* 199_{26}.

Frumbrèf á skinni, ritað í Kalmanstungu 27. júní 1541.

1., *ur* fyrir *r: Jnnehelldur, forfedur,* 208_{36}. *adur,* 209_{5} *.logmadur,* 209_{7}. *setur,* 209_{14}.

2., eptir hinum forna framburði: *leingr,* 209_{7}. *kongrinn,* 209_{14}.

Það sem sagt er hèr að framan, er í stuttu máli þetta: Elztu og beztu handrit gjöra nákvæman mun á *r* og *ur* í niðrlagi orða og orðstofna. Snorri Sturluson telr eigi niðrlagserrið sem samstöfu sèr í Háttatali, sem endað mun vera um 1240; Ólafr Þórðarson hvítaskáld telr það og eigi sem samstöfu sèr í ritgjörð, sem samin er á árunum 1240—1259. Sama sèst af vísum frá 1263, en fyrir 1300 er framburðrinn á niðrlagserrinu farinn að haggast, sem sjá má af skinnbókum, sem á þeim tíma eru ritaðar, sem og af norskum frumbrèfum; en í Noregi var niðrlagserrið eigi framborið sem *ur,* heldr sem *er* eða *ar.* Þótt framburðrinn væri breyttr, vissu menn, hvernig hinn forni framburðr hafði verið, og með því hinn forni framburðr var talinn rèttr, en hinn nýi rangr, leituðu ritararnir við að rita eptir hinum forna framburði og skáldin að yrkja eptir honum, en hvorugum tókst það fullkomlega, og þeim veitti þetta því erfiðara, sem stundir liðu lengra fram. Á fjórtándu öldinni mun framburðrinn á niðrlagserrinu hafa verið á nokkuru reiki fram að 1380. Þá mun hann hafa verið orðinn hinn sami

sem nú. Í niðrlagi orða og orðstofna er ýmist ritað *ur* eða *r*, þar sem *r* á að vera eptir hinum forna framburði, alt fram á miðja sextándu öld, en eptir miðja sextándu öld verðr alment að rita *ur* í niðrlagi orða og orðstofna, þar sem svo er framborið.

Eg vil að endingu geta þess, að þessi ritlingr er einungis saminn í því skyni, að rekja og skýra þetta eina atriði í sögu íslenzkrar tungu, því að ef til væri smáritlingar um ýmisleg atriði í sögu málsins, gæti á endanum margt smátt gjört eitt stórt, og slíkir ritlingar geta að minsta kosti orðið til þess, að vekja athygli manna eigi að eins á því atriði, sem þeir eru um, heldr og á öðrum atriðum, sem því eru skyld og standa í sambandi við það, og á eðli málsins yfir höfuð, og á því, hvernig það hefir smámsaman breytzt. Hins vegar hefir það engan veginn verið fyrirætlan mín, að gefa mönnum neinar stafsetningarreglur með þessum ritlingi; hvortveggja stafsetningin, bæði sú að rita *r* eptir fornum framburði, og sú að rita *ur* eptir hinum nýja framburði, hefir mikið til síns máls og við margar ástæður að styðjast. Eg vil því láta menn vera sjálfráða í því efni. Það er eigi svo mikið undir því komið, hver stafsetning er höfð; en sú sem er höfð, þarf að vera sjálfri sèr nokkurn veginn samkvæm; fullkomin samkvæmni er ómöguleg. Eg vil að eins í þessu efni ráðleggja þeim, er eigi þekkja fornmálið til hlítar, að fara eptir hinum nýja framburði og hinni nýju stafsetningu, þvíað sá vegrinn verðr óhættari fyrir þá.

U.C. BERKELEY LIBRARIES 113144

C003255597

M111831

PD2240
T5

THE UNIVERSITY OF CALIFORNIA LIBRARY